

10.1.2014

Alþingi
Erindi nr. P 143/819
komudagur 10.1.2014

Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um um frumvarp til laga um húsaleigubætur. Sveitarstjórn styður umrædda breytingatillögu enda styður hún aukinn rétt nemenda í dreifbýlissamfélögum til húsaleigubóta.

Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)

Móttakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar
Varðandi: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um
húsaleigubætur, nr. 138/1997 þingskjal 72-72. Mál lagt fram á 143.
Löggjafarþingi 2013-2014
Nr. erindis 201311094/50.13
Dags.: 18.11.2013
Málefni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs

Að beiðni 1143. fundar bæjarráðs Mosfellsbæjar 14. nóvember 2013 var óskað eftir umsön undirritaðrar um erindi nefndarsviðs Alþingis sbr. bréf frá 8. nóvember 2013.

Undirrituð hefur áður gefið umsögn um samhljóða frumvarp sem lagt var fram á 140.lp. (112. mál) og 141. lp. (49. mál). Umsögn undirritaðrar nú er samhljóða fyrri umsögnum, það er að ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið enda sé tryggt að fullt samráð sé haft við fulltrúa sveitarfélaga um það hvernig kostnaðarauka vegna útvíkkun á rétti námsmanna til húsaleigubóta verði mætt verði það að lögum.

Virðingarfyllst
Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs



Alþingi
Erindi nr. P 143/380
komudagur 25.11.2013

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - velferðarnefnd
Austurstræti 8 – 10

Reykjavík 25. nóvember 2013

150 Reykjavík

1311058SA TP
Málalykill: 401

**Efni: Frv. til laga um breyt. á lögum um húsaleigubætur (réttur námsmanna)
- 72. mál 143. lþ.**

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. nóvember 2013, var ofangreint þingmál sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarpið hefur áður verið til umfjöllunar á vettvangi þingsins og er vísað til umsagnar sem sambandið lét í té með bréfi dags. 26. mars 2012. Í þeirri umsögn var á því byggt að til stæði að fara nýjar leiðir í opinberum húsnæðisstuðningi. Af þeirri ástæðu taldi sambandið að frumvarpið væri ekki tímabært, enda ættu lagabreytingar og aðrar ráðstafanir í þágu námsmanna að haldast í hendur við almennar aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum.

Vinna við framtíðarskipan húsnæðismála stendur enn yfir en boðað hefur verið að tillögur um leiðir verði lagðar fram innan skamms. Af þeirri ástæðu telur sambandið að staðan sé enn sú sama og var vorið 2012.

Félagsþjónustunefnd sambandsins fjallaði um málið á fundi sínum í dag og tekur undir umsögnina sem áður var send. Með vísan til þess lýsir sambandið yfir sömu afstöðu til málsins og þar kemur fram, þ.e. að umrætt frumvarp sé ekki tímabært.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og lögfræðisviðs

Afrit: Félagþjónustunefnd sambandsins



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar

Reykjavík 26. mars 2012

við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

1112018SA TP
Málalykill: 40

Efni: Frv. til breytingar á lögum um húsaleigubætur - 112. mál 140 lþ.

Með vísan til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 29. febrúar sl. lætur Samband íslenskra sveitarfélaga hér með í té eftirfarandi umsögn í tilefni af ofangreindu þingmáli.

Um efni frumvarpsins

Um er ræða þingmannafrumvarp, sem flutt er til þess að rýmka rétt til húsaleigubóta, skv. lögum þar að lútandi nr. 138/1997, með síðari breytingum.

Meginregla laganna er sú að húsaleigubætur komi einungis til álita vegna leigu á íbúðarhúsnæði. Íbúðarhúsnæði er skilgreint sem venjuleg og fullnægjandi heimilisáðstaða sem uppfylli þau lágmarksskilyrði að ekki færri en eitt svefnherbergi sé í húsnæðinu ásamt séreldhúsi eða eldunaraðstöðu og sérsnyrtingu og baðaðstöðu. Af þessu skilyrði leiðir að húsaleigubætur greiðast ekki vegna leigu á einstaklingsherbergjum eða ef eldhús eða snyrting er sameiginleg fleirum.

Í 5. mgr. 7. gr. gildandi laga, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 52/2001, kemur fram að þessi skilyrði um húsnæði séu undanþæg í tveimur tilvikum: (1) sérstök sambýli fyrir fatlað fólk (einkum svokölluð herbergjasambýli) og (2) heimavistir/námsgarðar fyrir nemendur í framhalds- og háskólum.

Framkomid frumvarp felur í sér að síðari undanþágan skv. 5. gr. sé ekki bundin tilteknu íbúðarhúsnæði. Verði það að lögum munu allir námsmenn öðlast rétt til húsaleigubóta – óháð tegund íbúðarhúsnæðis. Er því um róttæka og viðamikla breytingu að ræða, sem m.a. vekur upp spurningar um jafnræði milli leigjendahópa. Ennfremur þarf að greina hvaða áhrif rýmkuð skilyrði geti haft, einkum varðandi líkur á misnotkun húsaleigubótakerfisins.

Almennt má taka undir með flutningsmanni frumvarpsins varðandi það að húsnæðisvandi námsmanna á framhalds- og háskólastigi sé allverulegur um þessar mundir. Þennan vanda má m.a. rekja til breytinga á leigumarkaði frá árinu 2008, einkum í stærstu sveitarfélögunum, þar sem verulega aukin skuldsetning fasteigna, verðtrygging og tiltölulega mikil verðbólga hafa þrýst upp leiguverði. Aðrar markaðsaðstæður, svo sem mikill fjöldi auðra íbúða, hafa ekki náð að vega upp þennan þrýsting nema að litlu leyti. Þá hafa aðrar aðstæður á leigumarkaði einnig bitnað á námsmönnum, t.d. þróun á bankaábyrgðum vegna leigugreiðslna. Þar hafa fjármálastofnanir hert mjög á kröfum sem leigjendur þurfa að fullnægja.



Eins og vikið er að í greinargerð með frumvarpinu er unnið að því á vettvangi velferðarráðuneytisins að greina markmið og leiðir í opinberum húsnæðisstuðningi, þar sem byggt er á skýrslu samráðshóps um húsnæðisstefnu frá apríl 2011. Fulltrúar sveitarfélaganna taka fullan þátt í þessari vinnu, þar á meðal um þróun á húsnæðisbótakerfi. Þá er starfandi samráðsnefnd um framkvæmd laga og reglugerða um húsaleigubætur, með aðild fulltrúa sambandsins og velferðarráðuneytisins.

Nauðsynlegt er að breytingar á lögum og aðrar ráðstafanir í þágu námsmanna haldist í hendur við almennar aðgerðir í húsnæðismálum þar sem fyrir liggja greiningar á kostum og göllum ólíkra leiða. Af þeirri ástæðu telur sambandið fyrirbyggjandi frumvarp ekki vera tímabært.

Um kostnaðarmat

Flutningsmaður vísar til þess í greinargerð að áætla beri kostnaðarauka af tillögum frumvarpsins og „leita leiða“ til að mæta honum. Er frumvarpið því að mati sambandsins ákveðinn prófsteinn á það hvernig meðhöndla beri frumvörp sem flutt eru af þingnefndum eða einstökum þingmönnum og hafa augljóslega veruleg kostnaðaráhrif á sveitarfélögin.

Samband Íslenskra sveitarfélaga gerir það að tillögu sinni að velferðarnefnd Alþingis óski eftir því við fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis og velferðarráðuneytið, að fram fari mat á því hvaða kostnaðaráhrif umrætt frumvarp muni hafa – verði það að lögum.

Bent er á að ef litið er til þeirra laga og ályktana sem Alþingi hefur samþykkt á umliðnum misserum má greinilega sjá aukningu í fjölda mála sem afgreidd eru að frumkvæði þingnefnda og einstakra þingmanna. Sú þróun gefur ástæðu til þess að löggjafinn móti formlegt verklag um það hvernig meta eigi áhrif þingmála sem þannig eru flutt. Kostnaðaráhrif eru þar mikilvægasti þátturinn en jafnframt þarf að skoða áhrif á stjórnsýsluna, þar með talið hvernig stjórnvöld eru í stakk búin til að hrinda nýjum lögum í framkvæmd.

Með slíku verklagi væri tryggt að lagasetning að frumkvæði þingsins uppfyllti meginreglur um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, eins og þeim hefur verið lýst, m.a. í ágætri handbók sem skrifstofa Alþingis gaf út í nóvember 2007 í samstarfi við ráðuneyti.

Eðlilegt er að þetta verklag taki einnig til þess ef verulegar breytingar eru gerðar á frumvörpum í meðförum þingsins og ljóst má telja að þær breytingar hafi áhrif á niðurstöðu kostnaðar- og/eða stjórnsýslumats.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit: skrifstofa forseta Alþingis

Velferðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Reykjavík

Efni: Umsögn um 72. mál, frumvarp til laga um húsaleigubætur

Með tölvupósti dagsettu 7. nóvember síðastliðinn var þess óskað af nefndasviði Alþingis að Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (hér eftir SFHR eða stúdentafélagið), veitti umsögn sína um ofangreint frumvarp um breytingar á lögum um húsaleigubætur.

Stúdentafélagið er hagsmunafélag allra stúdenta við Háskólann í Reykjavík. Eðli málsins samkvæmt eru það því hagsmunir nemenda skólans og þær aðstæður á húsnæðismarkaði sem þeir þurfa að þola, sem helst mótast afstöðu SFHR til frumvarpsins.

Ljóst er að stúdentar við Háskólann í Reykjavík njóta mjög takmarkaðs aðgangs að stúdentagörðum, en Félagsstofnun Stúdenta þjónustar ekki nemendur skólans. Þær nemendaíbúðir sem nemendur HR hafa aðgang að eru ekki á vegum stofnana sem reknar eru á lögbundnum félagslegum grundvelli. Slíkar nemendaíbúðir eru því fáar og kostnaðarsamar, og bjóða auk þess ekki uppá einstaklingsherbergi með sameiginlegri aðstöðu sem félli undir núverandi undanþágu 5. mgr. 7. gr. laga um húsaleigubætur.

Af þessum sökum leita margir stúdentar innan SFHR á almennan leigumarkað, sem reynist þó nemendum sí erfiðara vegna hækkandi leiguverðs og gífurlegrar aukningar á eftirspurn eftir leiguhúsnæði. Þess má geta að Lánasjóður íslenskra námsmanna gerir ráð fyrir upb. 140.000 kr. mánaðarframfærslu háskólanema sem framfleytir sér með námslánum. Augljóst er að húsnæðiskostnaður á almennum leigumarkaði í Reykjavík rúmast enginn vegan innan slíkrar áætlunar á mánaðarlegum útgjöldum, en við það bætist almenn neysla matar og annarra nauðsynja.

Að gera stúdentum HR kleift að fá húsaleigubætur vegna leigu einstaklingsherbergja, oft ásamt samnemendum, með sameiginlegri eldhúsaðstöðu nái frumvarpið fram að ganga, hefði mjög jákvæð áhrif á möguleika nemenda skólans á að framfleyta sér utan foreldrahúsa á meðan á námi stendur.

Auk þess að létta undir hjá stúdentum HR vegna mikils húsnæðiskostnaðar með auknum rétti frumvarpsins til húsnæðisbóta, þá telur stjórn SFHR að um sé að ræða jafnréttismál. Með frumvarpinu er réttur hlutur þeirra háskólanema, t.d. nemenda við Listaháskólann, HR, Tækniskólann og annarra skóla, sem ekki hafa aðgang að raunverulegum stúdentagörðum og þeirri undanþágu sem 5. mgr. 7. gr. húsaleigubótalaga veitir í núverandi mynd.

Af ofangreindum ástæðum hefur frumvarpið verulega jákvæð áhrif á hag þeirra háskólanema sem ekki njóta aðgangs að Félagsstofnun Stúdenta og sækja því á almennan leigumarkað. Vegna þessa styður stjórn SFHR frumvarpið heilshugar og óskar þess breytingartillagan nái fram að ganga svo að lögum verði.

Reykjavík 21. nóvember

Halldór H. Gröndal
f.h. stjórnar SFHR

Reykjavík, 20. Nóvember 2013

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM HÚSALEIGUBÆTUR (RÉTTUR NÁMSMANNA), 72. MÁL.

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar frumvarpi um breytingar á húsaleigubótum námsmanna og vill koma á framfæri þökkum til Bjartar framtíðar, fyrir að leggja sig fram við að halda þessu mikilvæga hagsmunamáli stúdenta á lofti í enn eitt skiptið en frumvarp þetta hefur áður fengið jákvæða efnislega umsögn í velferðarnefnd.

Húsnæðisvandi stúdenta er mikið félagslegt áhyggjuefni. Lítið framboð á hentugu húsnæði og ör fjölgun stúdenta helst í hendur sem skapar ákveðið vandamál. En hækkun leiguverðs á hinum almenna leigumarkaði hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Það er því augljóst að með hækkandi leiguverði á íbúðum umhverfis Háskóla Íslands eykst eftirspurn eftir stúdentaíbúðum. Því miður annar Félagsstofnun Stúdenta ekki þeirri gríðarlegu eftirspurn en ríflega 800 manns eru á biðlista eins og staðan er í dag (20.11.2013). Íbúðir FS eru of fáar og er ljóst að þrátt fyrir að í ár verði ríflega 300 nýjar íbúðir teknar í notkun þá stendur eftirspurnin í stað og ekkert lát virðist á umsóknum.

Í lögum um húsaleigubætur kemur fram að íbúð þurfi að uppfylla viss skilyrði til að teljast „styrkhæf“. Í 5. mgr. 7.gr. laganna eru kröfurnar rýmkaðar sé um fólk með fatlanir á sambýli eða námsmenn á *stúdentagörðum* að ræða. Enda er lítið á slíkt sem félagsleg úrræði. Stúdentaráð setur spurningarmerki við réttmæti þess að slíkur afsláttur sé ekki veittur á almennum leigumarkaði. Sérstaklega í ljósi þess að ekki er hægt að veita öllum námsmönnum aðgang að stúdentagörðum - því miður.

Meirihluti þeirra stúdenta sem eru á biðlista eftir íbúð á stúdentagörðum eru með lögheimli á landsbyggðinni og eiga því líklega ekki um önnur hús að venda á höfuðborgarsvæðinu og verða því að láta sér nægja húsnæði á hinum almenna leigumarkaði þangað til að úthlutunardegi er komið. Því er gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir stúdenta að jafna þennan aðstöðumun hjá þeim sem neyðast út á hinn almenna leigumarkað og þeirra sem fá úthlutaða íbúð á stúdentagörðum Félagsstofnunar Stúdenta.

Stúdentaráð er að öllu leyti fylgjandi þessu frumvarpi, efni þess sem og meðfylgjandi greinargerð. Stúdentaráð vill leggja áherslu á mikilvægi þess að aðrir þingflokkar styðji við frumvarp Bjartar framtíðar. Dökk mynd blasir við þegar lítið er til heildaraðstæðna stúdenta



Stúdentaráð Háskóla Íslands

sem hafa mátt þola miklar skerðingar á lífskjörum sínum undanfarin ár. Þetta frumvarp væri liður í því að bæta lífskjör námsmanna.

Stúdentaráð veur einnig athygli á því að ráðið og fulltrúar þess eru tilbúin til þess að svara frekari spurningum nefndarinnar eða einstaka þingmanna hvenær sem er, og er boðið og búið til þess að aðstoða við frekar vinnslu þessa frumvarps, eða annarra.

Oft var þörf en nú er nauðsyn. Öll aðstoð gegn fjárhagsvanda stúdenta, óháð stærðargráðu, mun skipta sköpum og er það einlæg von Stúdentaráðs að það takist í þriðju tilraun að gera þetta frumvarp að veruleika.

Styðjum við stúdenta, kynslóð framtíðarinnar.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands,

María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs

Á 57. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps var fjallað um ósk Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, fyrir hönd Velferðarnefndar Alþingis, um umsögn sveitarstjórnar um mál nr. 72, frumvarp til laga um húsaleigubætur (réttur námsmanna). Bókun sveitarstjórnar var svohljóðandi:

1311007 - 72. mál til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis

Í tölvupósti frá 7. nóvember 2013 óskar Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, fyrir hönd Velferðarnefndar Alþingis, eftir umsögn sveitarstjórnar um frumvarp til laga um húsaleigubætur (réttur námsmanna), 72. mál. Frestur til að skila umsögn er til 20. nóvember 2013.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps lýsir eindregnum stuðningi við frumvarpið.

Fyrir hönd sveitarstjórnar,
Jón Hrói Finnsson
Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps
Ráðhúsinu Svalbarðseyri
601 Akureyri
S. 4624320 / 8409330